

Alþingi
Erindi nr. P 140/369
komudagur 19.11.2011

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2012 (02 innanríkisráðuneyti og 06 mennta- og menningarmálaráðuneyti).

Frá meiri hluta allsherjar- og menntamálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um þá hluta frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2012 sem eru á málefnasviði hennar, sbr. beiðni fjárlaganefndar frá 4. nóvember 2011 þar að lútandi. Á fund nefndarinnar komu Bryndís Helgadóttir, Jón Magnússon og Þórunn J. Hafstein frá innanríkisráðuneyti og Arnór Guðmundsson, Auður Björg Arnadóttir, Gísli Þór Magnússon, Jenný Bára Jensdóttir og Marta Guðrún Skúladóttir frá mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Innanríkisráðuneyti.

Nefndin fjallaði um þá málaflokka innanríkisráðuneytis sem heyra undir nefndina, þ.e. dóms- og löggæslumál, mannréttindamál, ríkisborgararétt, neytendamál og málefni þjóðkirkjunnar og annarra trúfélaga. Heildargjöld innanríkisráðuneytis árið 2012 eru áætluð um 70.075 millj. kr. á rekstrargrunni en undir þá fjárhæð heyra einnig málaflokkar sem eru ekki á málefnasviði nefndarinnar, þ.e. vega- og umferðarmál, siglingamál, póst- og fjarskiptamál og sveitastjórnarmál. Fram kemur í athugasemdum við frumvarpið að fjárveitingar til verkefna ráðuneytisins markist nokkuð af áframhaldandi aðhaldsráðstöfunum í samræmi við áætlun ríkisstjórnarinnar um jöfnuð í ríkismálmálum.

Hagræðingarkrafa til velferðarmála, skóla og löggæslu sé hins vegar nálægt helmingi lægri en hvað aðra málaflokka varðar.

Heildarfjárveiting til dómstóla hækkar um 23 millj. kr. þegar almennar verðlagsbreytingar eru frátaldar en að þeim meðtöldum hækka útgjöldin um 219. millj. kr. milli ára.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að dregið verði úr útgjöldum til málaflokksins sem nemur 17 millj. kr. eða 0,8% á verðlagi gildandi fjárlaga.

Heildarfjárveiting til löggæslustofnana og öryggismála lækkar um 837 millj. kr. frá gildandi fjárlögum þegar almennar verðlagsbreytingar eru frátaldar en að þeim meðtöldum lækka útgjöldin um 51 millj. kr. milli ára. Gert er ráð fyrir því að dregið verði úr útgjöldum málaflokksins sem nemur 292 millj. kr. eða 2,2% á verðlagi gildandi fjárlaga. Gerð er tillaga um 58 millj. kr. lækkun fjárheimilda embættis ríkislögreglustjóra að raungildi og vegur þar þyngst sameining efnahagsbrotadeildar þess embættis við embætti sérstaks saksóknara. Sameiningin leiðir til 124 millj. kr. millifærslu til hins sameinaða embættis.

Heildarfjárveiting til sýslumanna lækkar um 89 millj. kr. frá gildandi fjárlögum að verðlagsbreytingum frátöldum en að þeim meðtöldum hækka útgjöldin um 221 millj. kr. á milli ára. Gert er ráð fyrir því í frumvarpinu að dregið sé úr útgjöldum til sýslumanna sem nemur 78 millj. kr. eða 2% á verðlagi gildandi fjárlaga. Ákveðið hefur verið að umsýsla með þjóðlendum, sem sýslumaður Snæfellinga hefur farið með á grundvelli þjónustusamnings, færist til forsætisráðuneytisins. Því er gert ráð fyrir því að framlag til þess embættis lækki um 10 millj. kr.

Heildarfjárveiting til fangelsismála lækkar um 37 millj. kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum verðlagsbreytingum en að þeim meðtöldum hækka útgjöld til málaflokksins um 73 millj. kr.

Heildarfjárveiting til kirkjumála lækkar um 153 millj. kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar en að þeim meðtöldum hækka útgjöldin um 4 millj. kr. milli ára. Gert er ráð fyrir því að dregið verði úr útgjöldum til málaflokksins um 3% á verðlagi gildandi fjárlaga.

Heildarfjárveiting til neytendamála lækkar um 29 millj. kr. frá gildandi fjárlögum þegar verðlagsbreytingar eru frá taldar en að þeim meðtöldum hækka útgjöldin um 42 millj. kr. Undir þennan málaflokk heyrir Neytendastofa og talsmaður neytenda. Gert er ráð fyrir því að aðhaldsmarkmið um lækkun útgjalda ríkisins taki því sem næst ekkert til þessa málaflokks eða aðeins 0,8 millj. kr. á verðlagi gildandi fjárlaga.

Heildarfjárveiting til landskráa lækkar um 9 millj. kr. frá gildandi fjárlögum þegar almennar verðlagsbreytingar eru frátaldar en að þeim meðtöldum hækka útgjöldin um 66 millj. kr. milli ára. Undir þennan málaflokk heyrir Þjóðskrá Íslands sem er sameinað embætti Þjóðskrár og Fasteignaskrár Íslands.

Nefndin kallaði eftir gögnum um kostnaðarmat á byggingu nýs fangelsis og ítrekaði það viðhorft að stefna bæri að því að endurnýja gæsluvarðahaldsrými á höfuðborgarsvæðinu en byggja nýja öryggisálmu við Litla-Hraun. Óskað var formlega eftir gögnum um kostnað við þessa kosti. Miklar efasemdir komu fram í nefndinni um þá fyrirætlun að byggt verði annað öryggisfangelsi á Hólmsheiði, nokkra tugi kílómetra frá Litla-Hrauni á Eyrarbakka, og komu fram efasemdir um hagkvæmni þess. Meiri hlutinn beinir þeim tilmælum til ríkisstjórnarinnar að þessi áform verði endurskoðuð og að í staðinn verði byggt komu- og gæsluvarðahaldsrými í Reykjavík í stað fangelsins á Skólavörðustíg og Kvennafangelsisins í Kópavogi og bætt verði við nýrri öryggisálmu við Litla-Hraun og því sem henni fylgir. Hagkvæmni þess að reka tvö öryggisfangelsi á sama atvinnusvæði blasir ekki við og því er mikilvægt að þessi áform verði endurmetin hið fyrsta.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Heildargjöld mennta- og menningarmálaráðuneytisins eru áætluð um 69.813,3 millj. kr. á rekstrargrunni en frá dragast sértekjur að fjárhæð 8.032,6 millj. kr. Samkvæmt frumvarpinu hækka útgjöld ráðuneytisins um 1.324,2 millj. kr. á verðlagi gildandi fjárlaga en að meðtöldum almennum verðlags- og gengisbreytingum hækka útgjöldin um 4.646,4 millj. kr. milli ára eða sem svarar 8,1%. Fjárveitingar til málaflokksins markast nokkuð af áframhaldandi aðhaldi í samræmi við áætlun ríkisstjórnarinnar um jöfnuð í ríkisfjármálum en hagræðingarkrafa til velferðarmála, skóla og löggæslu er nær helmingi lægri en framlög til annarra málaflokka eins og áður segir.

Heildarfjárveiting til háskóla og rannsókna lækkar um 41,6 millj. kr. frá fjárlögum gildandi árs þegar frá er talin 1.178,3 millj. kr. hækkun vegna kjarasamninga og almennra verðlagsbreytinga. Undir þennan málaflokk heyrir Háskóli Íslands og tengdar stofnanir, aðrir háskólar og háskólastofnanir, þjónustu- og rannsóknarstofnanir, rannsóknarsjóðir og aðrir liðir sem tengjast háskóla- og rannsóknarstarfsemi.

Heildarfjárveiting til framhaldsskóla lækkar um 1.988,6 millj. kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum verðlagsbreytingum sem nema 1.380,2 millj. kr. Gert er ráð fyrir því að dregið verði úr útgjöldum málefnaflokksins um 369,4 millj. kr. á verðlagi gildandi fjárlaga til að mæta markmiðum um samdrátt ríkisútgjalda. Sá samdráttur jafngildir 2% lækkun frá gildandi fjárlögum. Hinn 19. apríl 2011 samþykkti ríkisstjórnin vinnuarkaðsaðgerðir, þ.m.t. menntunaráttak, og skýrast breytingar á framlögum til þessa málaflokks af þeim. Lagt er til að 1.790 millj. kr. framlag verði veitt til átaksins og eru

eftirfarandi atriði það helsta sem fellur þarna undir: Kennslukostnaður við námstækifæri fyrir atvinnuleitendur, skólavist í framhaldsskólum fyrir nemendur undir 25 ára, skilin milli framhaldsskóla og framhaldsfræðslu gerð sveigjanlegri, aukið framboð á raunfærnimati og náms- og starfsráðgjöf innan framhaldsfræðslunnar, nýr þróunarsjóður til eflingar starfstengdu námi og nýr vinnustaðanámssjóður sem er ætlað að mæta kostnaði vegna starfsnáms á vinnustöðum.

Heildarfjárveiting til málefna grunnskólans lækkar um 34,7 millj. kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum verðlagsbreytingum.

Heildarfjárveiting til námsaðstoðar lækkar um 585 millj. kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum verðlagsbreytingum en hér undir heyrir Lánasjóður íslenskra námsmanna og jöfnun á námskostnaði.

Heildarfjárveiting til safna og listastofnana lækkar um 148,3 millj. kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum en að þeim meðtöldum hækka útgjöld til málaflokksins um 367,1 millj. kr. milli ára.

Ráðuneytið er aðili að samningum við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um ýmis verkefni. Fram kemur í frumvarpinu að unnið hafi verið að því að endurbæta samninga og eftirlit með þeim m.a. með því að nota sérstakan hugbúnað til að halda utan um eftirlit.

Meiri hlutinn telur mikilvægt að endurskoða forgangsroðun fjárveitinga í menntamállum og auka framlög til háskóla og framhaldsskóla sem njóta lægri hlutdeildar fjárveitinga en almennt gerist hjá OECD-ríkjunum. Samhliða er brýnt að auka gæði háskólastarfs og bæta nýtingu fjármuna með auknu samstarfi og/eða samruna háskóla og beinir nefndin því til ráðherra að hraða þeirri vinnu sem kostur er.

Meiri hlutinn minnir á nýlega kortlagningu á hagrænum áhrifum skapandi greina og ítrekar mikilvægi þess að tekið verði tillit til niðurstaðna hennar við ákvarðanatöku í framtíðinni. Þá ítrekar nefndin mikilvægi þess að framlög til kvikmyndagerðar á fjárlögum verði aukin enda eru fjárfestingar í greininni hagkvæmar en mikill samdráttur hefur orðið í framlögum til greinarinnar. Minnt er á að af hálfu samráðsvettvangs um skapandi greinar hefur verið lögð áhersla á rannsóknir og framhaldsmenntun í skapandi greinum í Listaháskólanum og leggur nefndin áherslu á að Listaháskólanum verði veitt framlag til að þróa slíkt nám.

Meiri hlutinn styður áform um að nýtt verknámshús, Hamar, verði byggt við Fjölbrautaskóla Suðurlands og leggur til að á fjárlögum fyrir árið 2012 verði fyrstu framlögin til þess veitt, í samræmi við áætlanir skólans um framkvæmdina. Bent er á að þá geti sveitarfélögin á svæðinu leyst út 140 millj. kr. sem þau hafa safnað í sjóð til verksins og hafist handa við undirbúning og hönnun hússins strax á næsta ári. Meiri hlutinn leggur áherslu á að mennta- og menningarmálaráðuneytið leggi til fyrsta framlag til verknámshússins fyrir 2. umræðu frumvarpsins og að undirritaður verði samningur við viðkomandi héraðsnefndir um framkvæmdina. Bygging hússins er mikilvægt skref í þá átt að efla starfsnám í landinu og vinna þannig gegn miklu brottfalli framhaldsskólanema.

Meiri hlutinn telur mikilvægt að tryggt sé í fjárlögum fyrir árið 2012 að jöfnunarstyrkir til framhaldsskólanemenda lækki ekki. Einnig leggur nefndin til að farið verði yfir fjárframlög til þekkingarsetra með það í huga að sem mest jafnræði ríki á milli landssvæða að teknu tilliti til hlutverka og starfsemi þeirra.

Björgvin G. Sigurðsson skrifar undir álit þetta með fyrirvara vegna setu í fjárlaganefnd sem og Þuríður Backman sem er varamaður í fjárlaganefnd.

Alþingi, 19. nóvember 2011.

Björgvin G. Sigurðsson,
með fyrirvara.

Skúli Helgason.
Þráinn Bertelsson.
Oddný G. Harðardóttir.
Þuríður Backman,
með fyrirvara.